



Sjálfsmat Krikaskóla 2019-2020

Efnisyfirlit

Inngangur	2
1. Kannanir meðal foreldra.....	3
2. Stjórnendamat – vinnustaðagreining Mosfellsbæjar	5
3. Námsmat – samræmd próf	5
4. Foreldraviðtöl	6
5. Haustfundur og kynning á skólastarfi.....	6
6. Starfsmannasamtöl	7
7. Sjálfsmat teyma	7
8. Samráðsfundir barna og kennara – barnafundir	9
9. Endurmat sérkennsluþarfa og áætlanir um aðkomu sérfræðipjónustu.....	9
10. Fjárhagsáætlun	10
11. Skólaþing	10
12. Sprotasjóðsverkefni.....	10
13. Starfsáætlun - Skólanámskrá.....	10
14. Endurmat á samkomulagi við grunnskólakennara	11
15. Áhættumat Vinnueftirlitið.....	11
16. Starfendarannsóknir Krikaskóla.....	11
17. COVID-19	11
Lokaorð.....	12

Inngangur

Lögð er skylda á skóla í lögum um grunnskóla 2008 nr. 91 að meta skólastarf með kerfisbundnum hætti, árangur og gæði skólastarfsins á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Skólinn skal birta upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur. Sama skylda er samkvæmt lögum um leikskóla 2008 nr. 90 í grein 18.

Markmið með innra mati skólans er eftirfarandi:

35. gr. Markmið.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Í lögum um leikskóla 2008 nr. 90;

17. gr. Markmið.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla,
- c. auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Gerð er 3 ára áætlun fyrir innra mat skólans sem endurskoðuð er reglulega eftir þörfum. Nauðsynlegt getur verið að færa til þætti og flýta endurskoðun eftir því sem starf skólans kallar á. Hér er áætlun sem tekur til skólaársins 2019-2020:

Árlegt innra mat:

Foreldraviðtöl haldin minnst 2 á ári fyrir hvert barn

Haustfundur og foreldrasamtal til kynningar á námi og leik barna í Krikaskóla

Starfsmannasamtöl – árlega að lágmarki

Sjálfsmat teyma kennara tvisvar til fjórum sinnum á ári

Samráðsfundir kennara og barna eftir þörfum – með eða án skólastjórnenda

Úrvinnsla námsmats – vegna niðurstaðna úr mælingum skólans á námslegri stöðu eftir hverja mælingu með viðkomandi teymi – tvisvar á ári á kennarafundi með öllum faghópum

Endurmat sérkennsluþarfur og fyrirkomulag sérkennslu og stuðnings tvisvar á ári

Fjárhagsáætlun og ársfjórðungsuppgjör

Endurmat á samkomulagi Krikaskóla við grunnskólakennara vegna 200 daga skóla – þrisvar á ári

Mat á einstökum þáttum í innra starfi skólans

Áhættumat í samvinnu við Vinnueftirlit Ríkisins

2019-2020

Foreldrakönnun grunnskóla – Skólapúlsinn

Foreldrakönnun leikskóla – Skólapúlsinn

Viðhorfskönnun starfsmanna Mosfellsbæjar – apríl 2020

Snemmtæk íhlutun – endurskoðun lestrarstefnu og útgáfa handbókar – lok júní 2020

1. Kannanir meðal foreldra

Samið var við Skólapúlsinn um að gera kannanir meðal foreldra barna í Krikaskóla. Ekki var hægt að gera eina könnun þar sem sérstök könnun er gerð fyrir leikskóla og önnur fyrir grunnskóla. Því þurfti að leggja tvær kannanir fyrir.

Niðurstöður:

Foreldrakönnun grunnskóla – svarhlutfall var 90,1%

1. Nám og kennsla – Ánægja var meðal foreldra með nám og kennslu í skólanum 5,4 (landið 5,2). 92,5% (landið 92,5%) foreldra voru ánægðir með stjórnun skólans, 89% (landið 85,3%) töldu nám hæfilega þungt og 80,8% (landið 72,6%) töldu aga hæfilegan í skólanum.
2. Velferð nemenda – Almenn ánægja var með samskipti nemenda við starfsfólk skólans og líðan þeirra. Varðandi einelti var skólinn yfir landsmeðaltali og ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans hefur minnkað. Þess má geta að mjög fá svör eru undir í þessum liðum en full ástæða til að bregðast við niðurstöðunni.
3. Aðstaða og þjónusta – Frístundaþjónusta fékk háa einkunn hjá foreldrum og 98,8% (landið 91,3%) þátttaka er í mötuneyti. 89,0% (landið 76,3%) foreldra er ánægt með máltíðir í skólanum. Hlutfall nemenda í frístundaþjónustu er 82,5% (landið 63,5%).
4. Foreldrasamstarf – Almenn ánægja var með foreldrasamstarf og 94,6% (landið 95,0%) voru ánægð með síðasta foreldraviðtal. 85,1% (landið 81,7%) voru ánægð með heimasíðu skólans. Foreldrar töldu sig einnig hafa áhrif á ákvarðanir varðandi nemendur 63,1% (landið 62,0%) og að leitað væri eftir tillögum foreldra og ábendingar þeirra væru teknar til greina 73,1% (landið 69,6%).
5. Heimastuðningur – Foreldrar eru síður virkir í námi barna sinna 4,8 (landið 5,0). 81,8% (landið 76,9%) telja heimavinnu hæfilega. Væntingar foreldra barnanna til háskólanáms eru miklar 90,6% (landið 72,5%) en færri hafa væntingar um iðnnám 7,5% (landið 15,1%).

Foreldrakönnun leikskóla – svarhlutfall var 65,1%

Könnunin var komin til framkvæmdar þegar Covid-ástandið tók yfir. Þátttaka var því minni en við höfum áður séð hjá okkur. Taka verður því niðurstöðunum með þeim fyrirvara.

1. Daglegt leikskólastarf – 81,5% (landið 86,3%) foreldra voru ánægð með leikskólann og 94,4% (landið 94,4%) foreldra sögðu barnið sitt ánægt í leikskólanum. Foreldrar sem töldu stjórnendur sýnilega í daglegu starfi skólans eða 82,2% (landið 85,3%). Minna er um sérþarfir í mataræði og foreldrar telja að í skólanum sé hollt mataræði 93,0% (landið 95,1%).
2. Námsumhverfi – Foreldrar meta aðstöðu góða 95,5% (landið 91,5%) og vinnubrögð 90,3% (landið 89,2%). Þátttaka án aðgreiningar kemur sérkennilega út en þar fáum við niðurstöðu undir landsmeðaltali 92,3% (landið 96,9%).
3. Samskipti við foreldra – Mikil ánægja var með heimasíðu skólans 96,1% (landið 89,8%) þekking á stefnu og námskrá leikskólans hefur aukist mjög frá síðustu könnun og 88,9% (landið 86,5%) foreldra töldu sig þekkja hana. Foreldrar telja sig ekki fá hvatningu til þátttöku í leikskólastarfinu 63,5% (landið 81,3%) og þarf að endurskoða þann þátt.
4. Upphaf og lok leikskólagöngu – leikskólabyrjun mátu 80,0% (landið 77,7%) foreldra góða. Flutningur milli skólastiga 58,3% (landið 69,6%) sem litast mikið af því að í Krikaskóla er samþætting það mikil að foreldrar verða lítið varir við breytinguna. Það endurspeglast í svörum foreldra og spurning sem við þurfum að endurskoða í næstu könnun. Flutningur á milli deilda fékk 100% (landið 91,3%) ánægju skv. mati foreldra.

Úrvinnsla

Fundað var um kannanirnar þegar þær bárust – báðar voru skoðaðar með öllum starfsmönnum á starfsmannafundum. Síðan var fundað sérstaklega með þeim sem málið varðaði og kafað dýpra í einstaka þætti. Teymin sem vinna í viðkomandi aldurshópi setja sér markmið fyrir næsta skólaár til að halda í góðan árangur og bæta þar sem þörf er á.

Kannanirnar voru kynntar í Skólaráði Krikaskóla og farið yfir helstu niðurstöður.

Skólastjóri tók saman bréf til foreldra með þökkum fyrir þátttöku og falleg orð til skólans ásamt helstu niðurstöðum.

Sett var fram umbótaáætlun í framhaldi af þeim fundum sem haldnir voru og hún hefur verið kynnt fyrir foreldrum.

Áhersluatriðin sem við setjum inn í Starfsáætlun 2020-2021 eru:

1. Endurskoðun á verkferlum og áætlun Krikaskóla gegn einelti. Haft hefur verið samband við Kvan varðandi fræðslu og leiðsögn bæði til starfsmanna og foreldra næsta haust. Vanda Sigurgeirsdóttir mun því koma að málum með okkur.
2. Endurmat á óskum foreldra varðandi þátttöku þeirra í námi barna sinna. Samhliða verða skoðaðar leiðir til að efla börn í að hafa áhrif á nám sitt og umhverfi í skólanum.
3. Endurskoðun á upplýsingagjöf skólans til foreldra, þar með talið endurskoðun á heimasíðu - Námfús og fleiri leiðum.

2. Stjórnendamat – vinnustaðagreining Mosfellsbæjar

Mosfellsbær hefur staðið fyrir vinnustaðagreiningu meðal starfsmanna. Unnið var nýtt form 2019 í samstarfi við Maskínu og inn í matið var sett ein spurning sem stjórnendamat. Sá spurningarlisti var svo prufukeyrður það árið og komu fram einhverjir annmarkar sem vinna þarf með.

Vegna Covid-19 ástandsins í samfélaginu var vinnustaðagreining Mosfellsbæjar ekki lögð fyrir vorið 2020.

3. Námsmat – samræmd próf


Niðurstöður samræmdra prófa í Krikaskóla 2019:

Íslenska 52,75 (landsmeðaltal 50)


Stærðfræði 47,94 (landsmeðaltal 50)

Við tókum upp viðmið MMS um læsi og notum lesfimiþrófin frá þeim. Viðmið MMS (að vori) – 25% yfir viðmiði 3, 25% milli viðmiða 2 og 3, 40% milli viðmiða 1 og 2, 10% undir viðmiði 1.

Hlutföll nemenda eftir frammistöðu samkvæmt viðmiðum
Krikaskóli, maí 2020



1. bekkur – 29,17% yfir viðmiði 3, 8,33% milli viðmiða 2 og 3, 45,83% milli viðmiða 1 og 2, 16,67% undir viðmiði 1
2. bekkur – 20,83% yfir viðmiði 3, 20,83% milli viðmiða 2 og 3, 50% milli viðmiða 1 og 2, 8,33% undir viðmiði 1
3. bekkur – 16,67% yfir viðmiði 3, 16,67% milli viðmiða 2 og 3, 53,33% milli viðmiða 1 og 2, 13,33% undir viðmiði 1
4. bekkur – 57,14% yfir viðmiði 3, 14,29% milli viðmiða 2 og 3, 19,05% milli viðmiða 1 og 2, 9,52% undir viðmiði 1



Hljóm-2 niðurstöður Krikaskóla 2017:

31 barn í árgangi 2014 tók þátt. Góða færni sýndu 8 börn. Meðalfærni sýndu 20 börn. Slaka færni sýndi 1 barn og 2 börn mjög slaka færni. Áberandi var í niðurstöðum að Hljóðtenging var sá þáttur sem flestir áttu í vanda með. Rýna þarf í þá niðurstöðu og vinna áfram með af faghópnum í Krikaskóla.

4. Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru haldin tvisvar á hverju skólaári að lágmarki fyrir foreldra allra barna í skólanum. Fyrri viðtölin eru í október og nóvember. Þar er lögð sérstök áhersla á líðan barnanna og eldri börnin sitja með foreldrum sínum í viðtölunum. Í samantekt foreldraviðtala haustanna með kennurum, deildarstjórum, verkefnastjóra grunnskóla og skólastjóra kom fram almenn ánægja foreldra með skólastarfið. Ábendingar foreldra til kennara og starfsmanna skólans voru vel þegnar og nýttar beint inn í skólastarfið. Ábendingar komu fram um samskipti milli heimila og skóla. Umræða skapaðist einnig um samskipti barnanna sín á milli og þann stuðning sem foreldrar geta veitt með samskiptum sínum á milli.

Á vorönn 2020 var áherslan á nám og þroska barnanna. Kennarar hittu foreldra án barna í öllum árgöngum grunnskólans og fóru yfir námslega stöðu. Farið var yfir öll foreldraviðtöl með umsjónarkennurum, þroskaþjálfum, verkefnastjóra frístundar, aðstoðarskólastjóra og skólastjóra. Þegar kom að foreldraviðtölum leikskólans þá vorum við komin á tímabil samgöngutakmarkana. Því var brugðið á það ráð að hringja í alla foreldra og eiga þannig samtali við þá alla. Mæltist sú ráðstöfun almennt vel fyrir.

Almenn ánægja foreldra er efst á blaði. Árangur barnanna góður og margir sigrar unnir. Góð almenn mæting var í foreldraviðtölin sem hér voru haldin og þátttaka í flestum árgöngum 100%.

5. Haustfundur og kynning á skólastarfi

Haustkynning var haldin 27. ágúst 2019. Skólastjóri fór yfir sögu skólans, áherslur hans og markmið í upphafi. Foreldrafélagið og skólaráð Krikaskóla var kynnt sérstaklega og óskað eftir nýju fulltrúum til samstarfs. Gunnhildur Sæmundsdóttir skólafulltrúi kynnti Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar og

sérfræðiþjónustu skóla í Mosfellsbæ. Jórunn Edda Hafsteinsdóttir skólahjúkrunarfræðingur kynnti sína aðkomu að börnum í Krikaskóla en hún sinnir bæði leik- og grunnskólabörnum. Samstarfsverkefni sem Krikaskóli hefur átt við Heilsugæsluna í Mosfellsbæ heldur áfram og foreldrar geta pantað tíma hjá Jórinni fyrir börnin á leikskólaaldri í tengslum við ung- og smábarnvernd í þroskamat í skólanum.

Deildarstjórar og umsjónarkennarar tóku svo á móti foreldrum og kynntu starf skólans fyrir hvern árgang fyrir sig. Farið var yfir skipulag, stundaskrár, námsmarkmið og leiðir.

Frístundastarfið var kynnt sérstaklega fyrir foreldrum barna í 1. bekk og Eva Rut Helgadóttir verkefnastjóri frístundar kynnti fyrirkomulag og áætlanir vetrar.

6. Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl hefðu átt að fara fram vorið 2020 en vegna Covid ástandsins var þeim frestað fram til ágúst/september 2020. Þeim sem þurftu sérstaklega á samtali að halda var bent á að fá tíma hjá skólastjórnendum. Nokkrir starfsmenn gerðu það og fengu þá úrlausn sinna mála.

Breytt fyrirkomulag á starfsmannasamtölum hefur verið kynnt fyrir starfsmönnum en við munum taka þrjú styttri samtöl yfir skólaárið 2020-2021. Hingað til hefur verið um eitt samtal að ræða á ári en við sjáum hag í því að gera breytingar þar á. Samtölin verða í ágúst/september, janúar/febrúar og maí/júní ár hvert.

7. Sjálfsmat teyma

Hvert teymi vinnur mat á starfi vetrar og fara yfir það með verkefnastjóra grunnskóla, aðstoðarskólastjóra og/eða skólastjóra. Farið yfir á fundum og dregið saman úr ýmsum samtölum við stjórnendateymi skólans.

Teymi 2ja ára barna: Lögð var sérstök áhersla á öryggi og jafnvægi í vinnu með börnunum. Deildarstjórar unnu vel saman og skiptu verkum með sér. Samstarfið gekk vel og uppbygging á starfinu og allt foreldrasamstarf gengið með miklum ágætum. Barnahópurinn er duglegur og áberandi við aðlögun barnanna að þau sem komu frá ungbarnadeildum – eru skólafær umfram önnur börn. Næsta skólaár 2020-2021 verður barnahópnum skipt í tvennt með markvissari hætti en hingað til hefur verið gert. Eftir Covid kom í ljós að bæði börn og fullorðnir nutu skóladagsins betur í minni hópi.

Teymi 3ja ára barna: Einn deildarstjóri sá um barnahópin að þessu sinni. Leikskólakennari sem starfaði á deildinni var í fæðingarorlofi og svo í launalausum leyfi í framhaldi þess. Nýr leikskólakennari bættist í hópinn og starfaði með deildarstjóranum fram að Covid. Nokkrar breytingar voru gerðar á samsetningu starfsmannahópsins vegna fjarveru starfsmanna sérstaklega í tengslum við Covid tímabilið. Stuðningur innan deildar þróaðist eftir því sem skilningur og þekking á barnahópnum jókst.

Teymi 4ra ára barnanna: Tveir deildarstjórar störfuðu náið saman og gekk faglegt starf mjög vel. Þetta var annað starfsárið þeirra saman og allir þættir gengu vel fyrir sig. Breytingar urðu mjög litlar en eftir Covid bættist nýr leikskólakennari í hópinn.

Teymi 5 ára barnanna: Tveir deildarstjórar sem unnið hafa saman áður sáu um starf deildarinnar annar þeirra tók svo þátt í teymi með 6 ára kennurunum. Barnahópurinn er frekar stór, kraftmikill en duglegur og skapandi. Nokkuð reyndi á starfið vegna mikilla langtímaveikinda sem komu upp hjá starfsmönnum. Það kom berlega í ljós við upphaf Covid tímabilsins að tengsl við foreldrahópinn

höfðu rofnað vegna forfalla starfsmanna og þurfti að sinna því sérstaklega. Það gekk vel og faghópurinn tók vel á þeim málum.

Teymi 6 ára barnanna: Unnið var í fyrsta sinn í samvinnu við teymi 5 ára barnanna. Tveir grunnskólakennarar og einn leikskólakennari mynduðu teymið ásamt öðrum starfsmönnum. Samstarfið gekk oftast vel en efla þarf nokkra þætti. Næsta skólaár ætlar teymið að setja leikinn í forgrunn sem námsleið barna.

Teymi 7 og 8 ára barnanna: Breytingar urðu þó nokkrar á teyminu. Kennari sem réði sig til starfa til að leysa fæðingarorlof hætti við og þá skapaðist millibilsástand. Þroskaþjálfari sem hefur lengi starfað með teyminu steig inn í og tók kennslu þar til nýr kennari hóf störf 1. nóvember. Teymið samanstóð því fullskipað af 3 umsjónarkennurum, þroskaþjálfara og tveimur stuðningsfulltrúum.

Mikla áherslu þurfti að leggja á agamálin, en samskipti barnanna hafa á köflum reynt á. Lagt hefur verið upp með áherslur Jákvæðs aga, núvitund og slökun. Það hefur skilað góðum árangri.

Teymið vill leggja áherslu á fjölbreyttari kennsluaðferðir og meira skapandi starf en verið hefur. Draga þarf úr blaða og bókavinnu – með áherslu á leik og samfellu milli árganga til að tengjast betur þeim gildum sem skólinn starfar eftir.

Teymi 9 ára barnanna: Tekin var sú ákvörðun að 4. bekkurinn væri nokkuð sér þennan vetur, sérstaklega á haustönninni. Þar komu til nokkrir þættir sem styðja þá ákvörðun okkar. Sér tímar þeirra í Varmárlaug og íþróttahúsinu við Varmá sem brúum bilið verkefni við aðra grunnskóla. Samræmd próf sem lögð eru fyrir á haustönninni skapa árganginum einnig nokkra sérstöðu. Umsjónarkennari og þroskaþjálfari mynduðu fagteymið. Þeir höfðu að öllu jöfnu með tvo stuðningsfulltrúa ásamt kennara sem kom inn í ákveðna fasta tíma vikulega. Starfið gekk vel og árangur góður. Því hefur verið tekin sú ákvörðun að halda áfram með þetta fyrirkomulag.

Samstarfið við 3ja bekkinn má þó efla og tengja það fyrr en gert var á þessu skólaári. Gott væri að hefja það í nóvember/desember.

Lögð er til breyting á smiðjufyrirkomulagi til að tryggja meiri dýpt í verkefni 4. bekkjar í list- og verkgreinum.

Teymi frístundar: Endurmeta þarf aksturinn í tengslum við frístundastarfið í Mosfellsbæ að loknum skóladegi barnanna. Krafa að taka yfirsetu í skólabíl einn eftirmiðdag hefur reynt á – en sú ósk kom fram eftir að skipulagið var klárað fyrir veturinn.

Teymi skrifstofu: Fór í gegn um nokkur tímabil á þessu skólaári. Skólastjóri var frá í námsleyfi í um 3 mánuði á haustönn – aðrir í teyminu skiptu með sér störfum skólastjóra. Langtímaveikindi komu upp á vorönn sem höfðu áhrif á störf teymisins en meðlimir teymisins gátu dekkjað flest öll verkefni þrátt fyrir forföll. Verkefnastjóri skrifstofu kom til baka eftir fæðingarorlof í desember og fór í sérverkefni sem setið höfðu á hakanum. Byrjað var á endurskoðun heimasíðu og að leggja drög að nýju veftré fyrir nýja heimasíðu.

Verkefnastjóri frístundar er menntaður frístundafræðingur og því voru bundnar miklar vonir við þróun frístundastarfsins. Mönnun hefur verið góð og teymið náð góðum árangri og samstarf aukist mikið bæði við leik- og grunnskólastarfið. Starfsáætlun frístundar verður í fyrsta sinn hluti af starfsáætlun skólans 2020-2021.

Í framhaldi af þessu mati teyma hvers árgangs fyrir sig voru teknar eftirfarandi ákvarðanir við skipulagningu skólastarfsins 2020-2021.

- Mikil ánægja er með tveggja deildarstjóra kerfið í leikskólanum og allir deildarstjórar vilja halda í það. Það verður því þróað áfram. Faglegt starf í leikskólanum hafi fengið aukið vægi og önnur dagleg verkefni séu einnig í góðum höndum.
- Ákveðið að gera eins litlar breytingar á teyrum eins og mögulegt er. Mikilvægt er að halda í festu á næsta skólaári sérstaklega þar sem mikið rót var á skólaárinu 2019-2020 og óvenjuleg verkefni svo ekki sé meira sagt. Því hugsum við okkur að endurtaka og festa í sessi marga þá þætti sem lofa góðu í starfi skólans s.s. samsetningu árganga.
- Yngsta hópnun okkar (2ja ára) verður skipt með markvissum hætti og munum hóparnir starfa nokkuð sjálfstætt. Það er m.a. vegna þess að á Covid tímabilinu kom í ljós hversu mikil áhrif minni barnahópur hefur sérstaklega hjá þetta ungum börnum.
- Haldið verður áfram að þróa starf með 5 og 6 ára börnunum. Vægi leiksins verður aukið enn frekar og áherslan á samfellu í námi og leik. Svava Björk Ásgeirsdóttir umsjónarkennari verður áfram verkefnastjóri yfir því verkefni.
- Aukin áhersla verður sett í fjölbreyttar kennsluáferðir og leiðir hjá 7 og 8 ára börnunum. Þar er einnig unnið að samræmingu milli árganga og áhersla á núvitund og slökun.

8. Samráðsfundir barna og kennara – barnafundir

Í eldri árgöngum Krikaskóla hafa barnafundir verið haldnir en þar eru tekin fyrir ýmis málefni sem brýnt er að fjalla um hverju sinni. Fundirnir eru haldnir frá 4ra ára og verða flóknari að gerð eftir því sem börnin eldast. Mál eru sett á dagskrá og rædd – lausna og leiða leitað í samvinnu allra. Mörg álitamál koma upp og allir eiga möguleika á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Reglulega hefur skólinn fengið fræðsluerindi – bæði frá starfsmönnum skólans og utanaðkomandi til að rifja upp með öllum starfsmönnum áhersluatriðin og helstu leiðir. Kennarar bæði úr leik- og grunnskólahluta skólans hafa einnig sótt sér námskeið í Jákvæðum aga – bæði innanlands sem og erlendis.

9. Endurmat sérkennsluþarfa og áætlanir um aðkomu sérfræðiþjónustu

Árlega fer fram mat á stöðu einstaklingsmála í skólanum með aðkomu skólastjórnenda, skólafulltrúa, skólasálfræðings og verkefnastjóra sérkennslu. Haldnir hafa verið matsfundir tvisvar á skólaárinu þar sem farið er yfir hvert mál einstaklinga. Þörf er metin á utanaðkomandi þjónustu – stöðu greininga – einstaklingsnámskrár yfirfarnar og hvort hægt sé að loka einhverjum málum.

Sérfræðiþjónusta kallar eftir skýrslum um stöðu mála innan skólans og verkefnastjóri sérkennslu sér um skil á þeim. Skýrslur eru fyrir jöfnunarsjóð sveitarfélaga, stöðu tvítyngdra og erlendra barna og almenn skýrsla um sérkennslumál skólans.

Ljóst er að mjög flókinn barnahópur er í Krikaskóla. Börn með fjölbreyttar greiningar sem mæta þarf í skólastarfi. Við höfum á að skipa mjög hæfu fólki sem heldur utanum og leiðir starfið sem hefur skilað okkur mjög góðum árangri. Ljóst er að næsta skólaár verður aðeins breyting á samsetningu en áfram verður u.þ.b. 25% barna á grunnskólaaldri með töluverðar einstaklingsþarfir – og á leikskólaaldri er greiningum að fjölga.

Áherslan hefur verið á að verkefnastjóri sérkennslu sjái um skráningar, fundi og samskipti við sérfræðinga utan skólans. Þroskaþjálfar í grunnskólastarfinu halda utanum sín mál og eru sjálfstæðir í sínum störfum í samvinnu við grunnskólakennara.

Allir kennarar skólans sinna sérkennsluþörfum og hluti af tíma þeirra skilgreindur til þeirra starfa.

10. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun skólans er unnin á haustönn af skólastjóra, sem leggur hana fram til framkvæmdastjóra fræðsluviðs. Hún er endurskoðuð af skólastjóra og framkvæmdastjóra sviðsins sem leggur hana svo fram.

Haldnir eru fjármálafundir eftir hvern ársfjórðung til að meta stöðu mála. Kallað er eftir skýringum á einstökum liðum í rekstri skólans og skólastjóri leggur fram skýringar um breytingar ef einhverjar eru.

Fjárhagsáætlun ársins 2019 stóðst vel í Krikaskóla. Það sem af er fjárhagsárinu 2020 er skólinn að standast áætlun að mestu en tekjufall hefur orðið vegna skerðinga á skólahaldi í tengslum við samkomubann í Covid-19. Eins urðu nokkrir liðir kostnaðarsamari þar sem mönnun þurfti að auka nokkuð. Starfsmenn sinntu að nokkur leiti öðrum hlutverkum en áður og við gátum nýtt mannauð skólans við þetta flókna verkefni.

11. Skólalæping

Skólalæping var haldið 23. júní 2020 með börnum í 4. bekk. Þrjú þemu voru í umræðunni: Hvað er best við Krikaskóla? Hverju má breyta? Hvað má alls ekki breytast? Börnin geta þá rætt við okkur um framtíðina og upplifun af skólaárunum í Krikaskóla áður en þau hverfa á braut. Við höfum haldið slík skólalæping á hverju ári nú í 8 ár.

Börnin eiga mikinn þátt í Krikaskóla, skólabrag og menningu og við viljum halda áfram að vinna á lýðræðislegum nótum til að efla starf Krikaskóla.

Helstu niðurstöður af skólalæpingi er hversu ánægð þau eru með skólann sinn. Þau lýsa yfir mjög góðri tilfinningu fyrir námi og leik, aðstæðum og skipulagi. Það kemur fram hjá þeim að þau vilja gjarnan vera áfram í Krikaskóla – halda inni miðstigi og jafnvel unglíngastigi. Við fáum gjarnan mikil gullkorn í tengslum við þeirra sjónarmið.

Eitt þeirra er: „*Enginn skiptir meira máli en aðrir.*“

12. Sprotasjóðsverkefni

Krikaskóli fékk styrk úr Sprotasjóði fyrir verkefnið „Vellíðan og færni í ævintýraferðum“ skólaárið 2019-2020. Verkefnastjóri var Sveinlaug Sigurðardóttir, leikskólakennari.

Aðalmarkmið verkefnisins var að auka vellíðan og færni barnanna í þeim ævintýralegu og ótal námstækifærum sem gefast í útikennslu með öllum aldurshópum skólans. Verkefnið tókst vel og það má kynna sér á heimsíðu skólans og á heimasíðu Sprotasjóðs.

13. Starfsáætlun - Skólanámskrá

Skólaárið 2019-20 var Skólanámskrá Krikaskóla endurskoðuð, markmið og leiðir. Starfsáætlun skólans var einnig endurskoðið og athugasemdir settar inn í áætlunina sjálfa.

Ákveðið var að gera sameiginlegan grunn fyrir starfsáætlanir grunnskóla Mosfellsbæjar – sem og nýjar Skólanámskrár. Í tengslum við þessa samstarfsvinnu skólastjórnenda í Mosfellsbæ var ákveðið

að endurskoða heimasíður skólanna. Þær verða einfaldaðar og gerðar aðgengilegri fyrir notendur. Eins er markmiðið að auðveldara verði að uppfæra árlega þá þætti sem nauðsyn er að sinna.

Ný útgáfa Starfsáætlunar kemur út í ágúst 2020 og Skólanámskrá Krikaskóla fljótlega í kjölfarið.

14. Endurmat á samkomulagi við grunnskólakennara

Samkomulag við grunnskólakennara í Krikaskóla byggir á breyttu vinnulagi og starfstíma skólans. Samkomulagið er metið þrisvar yfir skólaárið í samtali trúnaðarmanns grunnskólakennara og skólastjórnenda. Framkvæmdastjóri fræðsluviðs hefur komið einu sinni yfir skólaárið, ef þörf er á, til fundar með trúnaðarmanni grunnskólakennara og skólastjóra varðandi samkomulagið.

Almenn ánægja ríkir með samkomulagið í Krikaskóla og engin breyting var gerð á því fyrir skólaárið 2019-2020. Samkomulag verður áfram gert við grunnskólakennara í Krikaskóla vegna 200 daga skóladagatala og áherslu skólans á samfellu í starfi leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs.

15. Áhættumat Vinnueftirlitið

Öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður – ásamt öryggisnefnd Krikaskóla vinnur áhættumat á skólahúsnæði og aðstæðum starfsmanna. Hvert teymi fyllir út eyðublað með upplýsingum sem síðan eru dregnar saman og lagðar fyrir starfsmannahópinn. Lögð er áhersla á að finna leiðir og úrbætur á þeim athugasemdum sem koma fram hjá starfsmönnum.

16. Starfendarannsóknir Krikaskóla

Eftirfarandi starfendarannsóknir voru unnar í Krikaskóla skólaárið 2019-20:

- Öryggismál - teiknimynd. Haraldur Sigmundsson
- Stærðfræðisamtöl. Egill Jóhannsson
- Samræming kennsluáætla í 2. og 3. bekk. Soffía Fransíska Rafnsdóttir Hede, Anna Kristín Jörundsdóttir og Hafrún Hafliðadóttir.
- Leikur sem nám eða nám sem leikur? Svava Björk Ásgeirsdóttir og Hlín Ólafsdóttir
- Að kenna heilsu. Hvernig er hægt að gera KrikaFit skilvirkara? Eliths Freyr Heimisson

17. COVID-19

Sérstakt ástand skapaðist þegar takmarkanir voru settar á skólalald í kjölfar samkomubanns stjórnvalda vegna Covid-19. Ljóst var að endurskipuleggja varð skólastarfið á einni helgi til að koma til móts við þau skilyrði sem sett voru. Það er ekkert sjálfsagt í skóla sem byggður er upp á samstarfi og samvinnu að loka fyrir slíkt. Mjög mörg svæði skólans eru almennt samnýtt af öllum árgöngum og ljóst að loka þyrfti þeim öllum.

Húsnæði skólans var því skipt upp í þrjú sóttvarnarsvæði. Barnhópurinn kom til skóla annan hvern dag – bæði leik- og grunnskólabörn. Þau voru svo fullan skóladag þegar þau komu til skóla. Starfshópnum var einnig skipt á daga eftir því sem tók voru á.

Eitt staðfest smit hjá starfsmanni greindist en ekkert hjá barni. Þó nokkur hópur þyrfti að sæta sóttkví og hlut starfsmanna fór í sóttvar til að verja nána aðstandendur eða sjálfan sig vegna undirliggjandi sjúkdóma. Við náðum þegar á leið að setja nær alla starfsmenn í vinnu annan hvern dag eða hluta úr degi og þannig fækkuðum við með markvissum hætti fólki í skólanum.

Foreldrar fengu ekki aðgengi að skólanum nema inn í fataherbergi leikskólans. Þeir höfðu því aðeins samband við skólann með rafrænum hætti.

Undirbúnings- og teymisvinna færðist alfarið á Teams sem og allir fundir skólans. Mikilvægt var að funda reglulega, sérstaklega í upphafi til að skilaboð færu ekki á mis. Við notuðum markvisst Workplace fyrir öll skilaboð sem þurftu að ná til allra starfsmanna í skólanum.

Samráð var daglega milli Fræðsluskrifstofu og skólastjórnenda í Mosfellsbæ. Þar var hægt að ræða álitamál og skoða nýjustu tilmæli Almannaþingarinnar, sóttvarnalæknis og landlæknis.

Lokaorð

Skólaárið 2019-20 gekk vel og árangur barna góður. Mikið starf hefur verið unnið í þróun skólabrags og starfsanda þar sem margir hafa lagt hönd á plóg. Slíkt starf þarf á öllum starfshópnum að halda.

Ljóst er að stöðugleiki er góður í starfsmannahópnum milli skólaára og því fögnum við mjög.

Heimasíða skólans er með fjölbreyttum upplýsingum og efni fyrir foreldra og aðra áhugasama. Við munum endurnýja heimasíðuna okkar á næsta skólaári með það að markmiði að gera hana einfaldari í notkun.

Í þessari samantekt er tekið til þátta sem ekki koma inn í starfsáætlun skólans eða í skólanámskrá með beinum hætti. Við leggjum áherslu á að allar ábendingar um þætti sem vantar inn í skýrsluna, frá foreldrum eða öðrum í skólasamfélagi Krikaskóla, eru vel þegnar.